

## Tillaga

**Viðtakandi:** Bæjarráð Mosfellsbæjar

**Efni:** Leikvöllur með aðgengi fyrir alla

**Dags:** 15. janúar 2025

**Málsnúmer:** 202501529

**Sendandi:** Óskar Gísli Sveinsson deildarstjóri eignasjóðs og Hildur Hafbergsdóttir verkefnastjóri eignasjóðs.

---

### Tillaga:

Óskað er heimildar bæjarráðs til að kaupa sérhæfð leiktæki sem uppfylla kröfur um aðgengi fyrir alla sem fyrirhugað er að setja niður á leiksvæði sem staðsett er á milli Klapparhlíðar og Lækjarhlíðar.

Í fjárfestingaáætlun ársins 2025 er gert ráð fyrir 15 m.kr í ferlimál og rúmast framkvæmdin innan þess ramma.

### Greinargerð:

Lagt er til að sett verði niður leiktæki sem uppfylla kröfur um aðgengi fyrir alla og að nýtt verði til þess fjármagn sem áætlað er fyrir ferlimál í fjárfestingaráætlun að fjárhæð 15 m.kr.

Áætlað er að breyta núverandi leikvelli eins og fram kemur á meðfylgjandi mynd. Staðsetningin er miðsvæðis og tengd grunnskóla, leikskóla og sundlaug. Leikvöllurinn er við bílastæði og því gott aðgengi þeirra sem þurfa að koma akandi að því.



Leikvöllurinn mun einnig þjónusta önnur börn en áætlað er að einnig verði hefðbundnar rólur á svæðinu enda er það markmið að það sé hannað með aðgengi allra í huga og markmið að aðskilja ekki þessa tvo hópa af.

Í fjárfestingaráætlun ársins 2025 er áætlað 15 m.kr til ferlimála og rúmast framkvæmdin innan þess ramma.

Tæki sem verða á svæðinu ásamt hefðbundnum rólum:



*Virðingarfyllt,  
Óskar Gísli Sveinsson  
Deildarstjóri eignasjóðs*

*Hildur Hafbergsdóttir  
Verkefnastjóri*